

STJÓRNARTÍÐINDI B 20 — 1973

22. júní 1973.

413

Nr. 209.

REGLUR

um hreindýraveiðar á Austurlandi árið 1973.

1. gr.

Heimilt skal að veiða allt að 1510 hreindýr í Múlasýslum og Austur-Skaftafells-sýslu á tímabilinu 1. ágúst til 15. september árið 1973. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar á öðrum árstíma, ef sérstakar ástæður mæla með, að höfðu samráði við hreindýraeftirlitsmenn, sem hlut eiga að máli.

2. gr.

Tala þeirra dýra, sem veidd verða samkvæmt 1. gr., skiptist milli eftirgreindra hreppa í þessum hlutföllum:

1. Vopnafjarðarhreppur	45	hreindýr
2. Fljótshreppur	260	—
3. Jökuldalshreppur	260	—
4. Fellahreppur	155	—
5. Tunguhreppur	155	—
6. Hlíðarhreppur	50	—
7. Hjaltastaðahreppur	55	—
8. Skriðdalshreppur	95	—
9. Vallahreppur	95	—
10. Egilsstaðahreppur	25	—
11. Eiðahreppur	55	—
12. Breiðdalshreppur	65	—
13. Beruneshreppur	45	—
14. Geithellahreppur	45	—
15. Búlandshreppur	15	—
16. Bæjarhreppur	45	—
17. Nesjahreppur	45	—

1 510 hreindýr

3. gr.

Auk þeirra hreindýra, sem skiptast samkvæmt framansögðu, getur ráðuneytið leyft veiði nokkurra dýra í viðbót, ef henta þykir, m. a. handa söfnum, til vísindalegra rannsókna o. fl., og koma þau dýr eigi til skipta. Veiðin fari fram undir eftirliti hreindýraeftirlitsmanns, sbr. 5. gr.

4. gr.

Andvirði felldra hreindýra greiðist í reikning hlutaðeigandi sveitarsjóðs samkvæmt hlutfalli í 2. gr., en hver hreppsnefnd skiptir fénu innan síns svæðis. Skal hreppsnefnd fyrst og fremst láta þá bændur, sem fyrir mestum ágangi verða af hrein-

B 53

dýrum á beitolönd sín, njóta arðs af veiðunum, en síðan sveitarsjóð. Heimilt er hreppsnefnd að skipta þannig, að þeir bændur, sem njóta eiga arðs af veiðinni, fái sinn hlut í hreindýraafurðum í stað greiðslu, enda séu þeir hreindýraeftirlitsmanni til aðstoðar við veiðarnar.

5. gr.

Einn hreindýraeftirlitsmaður skal vera í hverjum þeirra hreppa, sem nefndir eru í 2. gr. Skal hann ráðinn af menntamálaráðuneytinu, að fengnum tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar og að höfðu samráði við sýslumann. Ráðuneytið ákveður og greiðir þóknun hans fyrir starfið.

Hreindýraeftirlitsmenn ráðuneytisins framkvæma, ásamt aðstoðarmönnum, sem þeir velja, þá fækkun hreindýra, sem ákveðin er.

Aðalumsjón með hreindýrunum annast sá eftirlitsmaður, sem ráðinn er fyrir Fljótsdalshrepp og hefur hann einnig umsjón með störfum hinna eftirlitsmannanna.

6. gr.

Þeir einir mega annast fækkun hreindýra, er til þess hafa næga skotfimi og kunnáttu í meðferð skotvopna, að dómi hlutaðeigandi lögreglustjóra. Gætt skal þess, að þeir fullnægi ákvæðum laga um leyfi til að eiga og nota skotvopn, sbr. lög nr. 69/1936 og reglugerð nr. 105/1936. Aðalhreindýraeftirlitsmaður ákveður, hvaða tegund og stærð skotvopns (riffils) skuli nota.

7. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu gæta þess vandlega að hreindýr séu ekki veidd á þeim slóðum, þar sem þau eru að nema ný lönd og talið er æskilegt, að þau hagnenjist, heldur þar sem ætlunin er að bægja þeim frá.

8. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu sjá um, að veidd séu þau dýr, sem minnstur skaði er að fyrir eðlilegan viðgang hjarðarinnar. Þeir skulu senda ráðuneytinu skýrslu um veiðarnar strax að veiðitíma loknum.

9. gr.

Athygli er vakin á, að skv. lögum nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, er óheimilt að hafa hreindýrakjöt til sölu, nema það hafi verið skoðað og metið af dýralækni.

10. gr.

Brot á reglum þessum, sem settar eru skv. lögum nr. 72/1954, um breyting á lögum nr. 28/1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, varðar allt að 50 000.00 kr. sekt.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi reglur nr. 208/1972, um hreindýraveiðar á Austurlandi.

Í menntamálaráðuneytinu, 22. júní 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.